

AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

Viðaukar – ekki til staðfestingar

Viðauki I:

Forsendur – ýmis göng

Viðauki II:

Spurningakönnun

Viðauki III:

Kynningarfundir ofl.

Viðauki IV:

Umsagnir opinberra aðila

Viðauki V:

Athugasemdir – afgreiðsla athugasemda

Viðauki VI:

Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá

Viðauki VII:

Minnispunktur um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á
hálendinu

Janúar 2006

**Viðauki V: Athugasemdir – afgreiðsla
athugasemda**

Skarði, 02.03.2005

Hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps
v. skipulagningar frístundabyggðar
á jörðinni Skarði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S 7-3-05
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Ég undirritaður fer fram á að koma Skarði I og Skarði II inn á framtíðarskipulag í sveitarfélaginu með frístundabyggð í huga þar sem jarðirnar hafa nú verið sameinaðar og þess vegna er nú meira svigrúm til markvissari skipulagningar.

F.h. landeigenda


Sigurður Björgvinsson

14

8.mars 2005

Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
801 Selfoss

Efni : spilda í landi Sandlækjar; breytinga á landnýtingu.


Undirritaður óskar hér með eftir breytingu á aðalskipulagi á landsspildu á jörðinni Sandlækur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða landsspildu sem liggur norðan þjóðveggar í átt að Stóru-Laxá, milli jarðanna Reykja og Sandlækjarkots (sjá land innan grænu línunnar á meðfylgjandi korti).

Í dag er landsspildan mikið til friðuð fyrir beit, en þar eitt tún en utan þess hefur verið stunduð skógrækt. Á svæðinu er ein frístundalóð (ekki þó með bústað).

Áfram mun verða plantað trjám á svæðinu en einnig eru hugmyndir upp um að þarna verði í framtíðinni svæði fyrir ferðaþjónustu (tjald- og hjólhýsasvæði, og etv. smáhýsi) og hugsanlega einnig frístundabyggð.

Með kveðju,


Eflingur Loftsson



Ingunn Guðmundsdóttir

From: Elín Erlingsdóttir [elinerl@sudurland.is]

Sent: 9. mars 2005 12:39

To: ingunn@skeidgnup.is

Subject: Sandlækur


Sæl Ingunn!

Ég sendi hér sem viðhengi bráðabirgðaútgáfu vegna máls sem Erlingur (pabbi minn) hefur rætt við þig, athugasemd vegna aðalskipulags. Á kortinu eru útlínur svæðisins í ljósgrænu, ég setti hnit til að auðvelda færslu inn á skipulagsuppdráttinn. Ég hef hins vegar ekki náð í Arinbjörn til að fá á hreint hvernig best sé að orða skilgreininguna. Hugmyndin er að þarna verði hægt í framtíðinni að skipuleggja einhverja blöndu af frístundabyggð, skógrækt og hugsanlega ferðaþjónustu. Er það blönduð landnotkun, frístundabyggð og "til annarra nota"? Hvernig ætti ég að orða þetta? Er ég kannski að flækja málið, er "opin svæði til annarra nota" alveg nóg? Þegar þetta með orðalagið er komið á hreint mun ég ganga frá og prenta þetta úr landupplýsingakerfinu hjá mér, skýrari mynd.

Eins væri gott að vita hvort þarf að leggja inn skriflegt erindi með og hvað þarf að koma fram í því.

Kveðja,
Elín

9.3.2005





6

27. Febrúar 2005

Hér með óska Úlfhéðinn Sigurmundsson og Þóra Þórarinsdóttir ábúendur Haga II Skeiða og Gnúpverjahreppi eftir því að land þeirra um 40 ha. er liggur frá Þjórsá í suðri og upp með Þverá í vestri (Sjá Mynd), verði skráð sem frístundabyggð á næsta aðalskipulagi. Einnig óskum við eftir að fá aðgang að veitukerfi Hitaveitufélags Gnúpverja. Með von um jákvæðar og skjótar undirtektir.


Úlfhéðinn Sigurmundsson.
010367-5149

Úlfhéðinn Sigurmundsson

Þóra Þórarinsdóttir.
140471-4029

Þóra Þórarinsdóttir

KORT MYNDAR:	NÚMÉR MYNDAR:	DAGUR MYNDATÖKU:
N	4955	14/8 1996
KORTNÚMÉR:	MÆLIKVARÐI UM:	DAGUR EFTIRGERÐAR:
415413	1:10.000	16/3
ÍDRAUÐ:	KORT:	
HAGI	47	
© EFTIRGERÐ OG BIRTING ER HÁÐ LEYFI LANDMÆLINGA ÍSLANDS		



Að beiðni þóru þórarinsdóttur og Úlfhéðins Sigurmundssonar, Haga II, Gnúpverjahreppi, Ármessýslu, hefur undirritaður, Kristján Bj. Jónsson héraðsráðunautur, Spóarima 23, Selfossi, mælt upp landspildu þá sem liggur í suðvestur horni landsins. Þetta er stök landspilda og liggur hún að Þjórsá og Þverá. Þetta er um 47,8 ha landspilda samkvæmt landskiptum frá 28. október 1999. Frá stærðinni dragast um 1,18 ha landspilda sem fyrri landeigendur héldu eftir. Lóðin er yfirstrikuð með grænum áherslupenna. Verði Þjórsá virkjuð á þessum slóðum og verði uppistöðulónið í 116 m hæð yfir sjó, þá fer smávægis land undir það. Á kortinu er það sýnt með punktalínu og yfirstrikuð með bláum áherslupenna. Þó aðeins staðið upp úr lóninu af veginum austan við brúna á Þverá, þá er hann ekki meðtalinn heildarlandinu.

Stærð umrædds lands, fyrir utan lóðina og láglandið sem færi undir lónið er um 39,8 ha

Mörk nærliggjandi jarða eru ágreiningslaus. Með markalínum landsins er dregið strik með rauðum áherslupenna.

Þetta er ljósrit af umræddri loftmynd og texta undirritaðs, með inndregnum skiptalínum, frá Landmælingum Íslands, nr. N – 4955, frá 14. ágúst 1996. Eftirtakan er nr. 415413 frá 16. mars, í mælikvarðanum um 1:10000.

Selfossi, hinn 4. júní 2002

Kristján Bj. Jónsson
héraðsráðunautur

Ingunn Guðmundsdóttir

From: Oddur Hermannsson [oddur@landform.is]
Sent: 3. mars 2005 18:07
To: Ingunn Guðmundsdóttir
Subject: Aðalskipulag Skeið- og Gnúp.

Sæl Ingunn og velkomin heim, vona að skoðunarferðin hafi verið fróðleg og ánægjuleg en erindið tengist einmitt efninu.

Til mín snéri sér Úlfhéðinn nokkur í Haga og spurði hvort hann gæti stungið út ca. 40ha spildu úr landi sýnu undir fristundabyggð á svokölluðu Háholti. Ég gerði honum grein f. stöðu mála varðandi aðalskipulagið og sennilega yrði erfitt að koma þessu inn nú eftir auglýsingu en vissulega hefði sveitarstjórn þetta í hendi sér. Mér líst ágætlega á þetta land hans og sé enga fyrirstöðu í því að þarna eigi ekki að geta risið sumarhús í framtíðinni. Þú hefur þessa ósk hans kannski í huga þegar sveitarstjórn ræðir þessi mál. Ég held að ekkert hasti í þessu máli og í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt þó þetta yrði ein af fyrstu breytingum á aðalskipulagi Skeið- og Gnúp., blekið er hvort eð er yfirleitt varla þornað á uppdráttunum, þegar að kemur að breytingum.

Besta kveðja,
Oddur Hermannsson



LANDFORM ehf
Landslagsarkitektar FÍLA.
Austurvegur 6, 800 Selfoss
Sími 482-4090, fax: 482-3542
Netfang: oddur@landform.is

From: Ingunn Guðmundsdóttir [mailto:ingunn@skeidgnup.is]
Sent: 9. nóvember 2004 19:47
To: 'Haraldur Sigurdsson'
Cc: 'Ómar Ívarsson'; Oddur Hermannsson; 'Þráinn Hauksson'; 'Pétur H Jónsson'
Subject: RE: A=?ISO-8859-1?Q?=F0alskipulag Skei=F0a- og Gn=FApverjahrepps - endurb=E6tur =E1g=F6gnu=

Sæll og blessaður

Við fórum yfir minnisblaðið á hreppsnefndarfundinum í dag. Engar efnisbreytingar voru gerðar. Við settum hinsvegar inn nokkrar leiðréttingar sem þú sérð í meðfylgjandi útgáfu af greinargerð. Töluðum um að staðkunnugir yrði að lesa próförk áður en endanleg útgáfa yrði frágengin.

Kveðja Ingunn

Ingunn Guðmundsdóttir

7.3.2005

4866091

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S 28-02-05
Ábm.	Svfr.
Afgr.	()Bréf()St.
Lvm.	Trm.

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Arnesi.

Fyrir hönd Afréttamálafélags Flóa- og Skeiða fer ég þess á leit, að nýr vegur að fjallmannahúsinu Klettur í Austurleit á afrétti félagsins verði teikinn inn á aðalskipulag hreppsins.

Leiðin sem nú er farin inn að Kletti, er rudd braut, þar sem fara verður allt að lo sinnum yfir Grjóta eða kvíslar hennar. Grjóta er oft meinleysisleg, en getur orðið afar vatnsmikil í rigningum á haustin. Er hún þá viðsjárverð okkurnugum.

Fjallmenn hafa lengi haft hug á að finna betri leið, og nú hefur Skúli Steinsson, fjallkóngur í eftirsafni fundið hana. Er þá farið ofar og austar og er leiðin um 3.2 km. á lengd. Leiðin er að mestu á jafnlendi, um þriðjungur hennar eru sléttir malar, en annað þarf að bera ofan í, svo landið skemmist ekki. Nógur ofaniburður er nálægur og góður.

Við Páll Lýðsson, forsvarsmenn Afréttarfélagsins, skoðuðum í sumar vegstæðið undir leiðsögn Skúla fjallkóns. Með í ferðinni voru Páll Halldórsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Selfossi og Helgi Jóhannesson, vatnafræðingur Vegagerðarinnar, en hann höfðum við fengið til að reikna út ræsi, sem þarf á leiðir yfir vatnsrásir, sem eru fimm á leiðinni.

Við Páll höfum sótt um fjárframlag frá Vegagerð ríkisins og pantað þar rör í ræsin. Er það ætlun okkar að leggja veg þennan á næsta sumri, enda komi til samþykki oddvítarna.

Um frekari upplýsingar vísast til Aðalsteins Guðmundssonar, oddvita og fjallkóns í Austurleit, sem nauðþekkir svæðið.

Þá fylgir bréfi þessi uppdráttur af svæðinu í ljósriti, þar sem sýnd er lega vegarins.

Vorsáð 23. febrúar 2005


Jón Eiríksson

Jón Eiríksson

*A fundi hreppsnefnadar 8. mars 2005 var þátt.
at vísa þessu erindi til minnstu Aðalskipulags.*

Ómar Guðsson

Sveitarstjóri Skeiða-
og Gnúpverjahrepps



Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
801 Selfoss

9. mars 2005

Ég geri athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps varðandi kirkjugarða í sveitarfélaginu.

Af framlögðum gögnum fæ ég ekki séð að kirkjugarðar þeir sem í sveitarfélaginu eru sé merktir, skráðir eða flokkaðir og skilgreindir eins og vera mætti. Kirkjurnar eru merktar sem þjónustustaðir en þar sem kirkjugarðar eru sjálfsstæðar stofnanir skv. lögum þá mætti ætla að huga þyrfti að þeim stöðum við gerð skipulagsins.

Núverandi kirkjugarðar á Stóra-Núpi og Ólafsvöllum eru í notkun en það eru fleiri sem notaðir hafa verið síðustu áratugi auk annarra sem eru niðurlagðir en hafa ótvíræðan sess og stöðu. Ég nefni í svipinn staði eins og í Fjalli, í Skáldabúðum, við Selhöfða, á Stóra-Hofi, í Steinsholti og við Skeljastaði. Þetta þyrfi að skoða á tilhlífðilegan hátt og í samráði við eigendur að þessum helgu svæðum.

virðingarfyllst



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kennitala 5406902-4410
Árnesi, 801 Selfoss

Votumýri 08.03.2005


Varðar: Auglýst tillaga að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016.


Undirritaðir þinglýstir eigendur að lögbylunum Votumýri I og Votumýri II Skeiða- og Gnúpverjahreppi vilja koma á framfæri athugasemdum við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016.


- 1) Tillagan gerir ráð fyrir reiðleið meðfram vesturbakka Þjórsár um landareign Votumýrar I og II. Þessu er harðlega mótmælt þar sem umferð hesta um viðkvæman jarðveg Þjórsárbakka á þessum stað eykur enn á rof og uppblástur svæðisins sem ærið er nóg fyrir. Auk þess hefur umferð hesta sem oft á tíðum eru í stórum hópum truflandi áhrif á þá notkun svæðisins sem nú er sem aðallega er fólgin í nýtingu til beitar hrossa frá þessum bæjum. Enn fremur treysta undirritaðir því ekki að umgengni reiðmanna um girðingar, hlið og svæðið í heild verði á þann veg að vandræðalaust verði og vísa í því sambandi til fyrri reynslu sinnar um umgengni einstaklinga og hópa reiðmanna um svæðið. Eigendur sjá ekki þörf á því að nota þessa leið fyrir almenna umferð hesta og reiðmanna þar sem önnur leið hefur verið ákveðin meðfram Þjóðvegi.
- 2) Við gerð tillögunnar hefur fallið niður að merkja inná kort efnistökusvæði í landi Votumýrar I sem er á áreyrum Þjórsár við landamerki Blesastaða. Þetta efnistökusvæði, sem er malarnáma, hefur verið nýtt til einkanota um áratuga skeið.

Virðingarfyllst


Þorkell Guðmundsson


Ruth Guðnadóttir



Benedikt Kolbeinsson


Guðni Eiríksson


Umboð

Undirritaður Guðni Eiríksson kt. 10.10.48-2769 Rauðalæk 41 , 105 Reykjavík veiti hér með Þorkeli Guðmundssyni Votumýri II, Skeiða- og Gnúpverjahreppi fullt umboð til að undirrita fyrir mína hönd bréf til Skeiða- og Gnúpverjahrepps dagsett 8. mars 2005 vegna athugasemda landeigenda Votumýrar við tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016.

Reykjavík 8. mars 2005


Guðni Eiríksson

10.10.48-2769



26.febrúar 2005

Sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps

Árnesi

Skeiða og Gnúpverjahreppi

Við eigendur jarðanna Sléttabóls og Kálfhóls 1, í Skeiða og Gnúpverjahreppi, mótmælum hugmyndum sveitastjórnar að því skipulagi sem nú liggur fyrir. Það er að skipulagt verði virkjunarlón á jörðum okkar. Þess í stað óska jarðaeigendur að haldið verði áfram með okkar hugmyndir að skipulagi (sem komu fram í svörum okkar til sveitastjórnar Skeiðahrepps), áskiljum við okkur allan rétt til skaðabóta ef jarðir okkar verða skertar með þessum hætti. Við teljum að með lónshugmyndum skerðist jarðir okkar verulega til búskapar og stækkunarmöguleika þessa rekstrar sem nú er.

Til fróðleiks: skítveltuvirði hvers ha gæti á núverandi virði verið 700 – 800 þús. á ári.

Við gætum verið að tala um skerðingu upp á 50 ha.

JÓHANNES EGGERTSSON Eggert Jóhannesson

Jóhannes Eggertsson

Eggert Jóhannesson

Vilborg Þorsteinsdóttir

Vilborg Þorsteinsdóttir

Sigrún Herdís Arndal

Sigrún Herdís Arndal